SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA
Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 4. mars 1997

Alþingi,
allsherjarnefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1019
komudagur 7/3 1997

Efni: Umsögn um frumvarp um samningsveð (234. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 5. febrúar 1997, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) um frumvarp til laga um samningsveð (234. mál).

Frumvarp til laga um samningsveð er nú flutt í fimmta sinn. SÍV hefur eindregið hvatt til þess á fyrri þingum að frumvarpið hlyti afgreiðslu, enda er hér um brýnt framfaramál að ræða að mati sambandsins. Nægir í þessu sambandi að benda á bréf SÍV til yðar frá 23. febrúar 1996.

Á ný hvetur SÍV eindregið til þess að fyrirliggjandi frumvarp til laga um samningsveð verði samþykkt. Er það von sambandsins að sú breyting frá síðustu útgáfu frumvarpsins sem fram kemur í 4. tölul. 3. gr. (um veðsetningu réttinda til nýtingar í atvinnurekstri) megi verða til að frumvarpið hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri

AUSTURSTRÆTI 5 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI/TEL.: (354) 525 6075 · FAX: (354) 525 6119